

**Nd.**

**194. Nefndarálit**

[126. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 9 12. apríl 1977, sbr. lög nr. 95 31. des. 1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1975.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir gjaldheimtu sem nemur nær tveimur milljörðum króna á ári og er félagslega ranglát. Sjúkratryggingagjaldið er lagt á útsvarsstofn sem nær til mjög lágra tekna, og skattheimta ríkisins tekur auk þess ekki umtalsvert tillit til félagslegra ástæðna. Fjölmörg sveitarfélög innheimta ekki útsvör af öldruðu fólki, fötluðu og sjúku og öðrum sem eiga við alvarleg félagsleg vandamál að stríða, en þessi gjaldheimta ríkisins tekur naumast tillit til þeirrar staðreyndar og líkist auk þess fremur nefskatti en eðlilegri skattheimtu í samræmi við efni og ástæður. Það er öfugmæli af fráleitasta tagi að kenna slíka andfélagslega gjaldheimtu við sjúkratryggingar.

Í kjarasamningum verkalýðssamtakanna í vor var samið um skattalækkun sem nam um tveimur milljörðum króna. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um skattvísitölu í ár rænir þeirri upphæð að fullu aftur, og með þessu frumvarpi er almenn skattheimta aukin um tvo milljarða í viðbót. Þannig svikur ríkisstjórnin í raun gerða samninga við verkalýðssamtökin, og eru þau vinnubrögð ósæmileg og hættuleg.

Það er einnig í andstöðu við eðlilegt skattheimtakerfi að ríkið seilist með frv. í vaxandi mæli inn á tekjusvið sveitarfélaga, enda mótmæltu samtök íslenskra sveitarfélaga harðlega þegar þessi andfélagslega gjaldheimta ríkisins var tekin upp í öndverðu. Sá flokkur, sem ber meginábyrgð á þeirri stefnu að láta ríkið þannig þrengja að sveitarfélögunum, stendur jafnframt fyrir því að láta háværustu stuðningsmenn sína hrópa „báknið burt“ á strætum og torgum.

Þetta frumvarp er liður í tekjuöflunaráformum ríkisstjórnarinnar. Meðal annarra áforma, sem fjármálaráðherra hefur greint frá, er að hækka verð á lyfjum og auka gjaldtöku fyrir sérfræðiþjónustu á sviði heilbrigðismála. Ríkið er þannig að gera sjúkdóma og slys að tekjustofni fyrir sig. Öllu fráleitari andfélagslega gjaldheimtu er ekki hægt að hugsa sér, og frumvarpið um sjúkratryggingagjaldið styðst við sömu viðhorf. Því leggjum við til að það verði fellt.

Alþingi, 15. des. 1977.

Magnús Kjartansson,  
frsm.

Karvel Pálmason.